

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



kiwanis.is

Kiwanishjarta er allt sem þarf - Kiwanishjarta er alt ið er neyðugt

Ágætu Kiwanis félagar,

Í þessari skýrslu mun ég gera stutta grein fyrir því helsta sem hefur verið að gerast frá síðasta umdæmisstjórnarfundum sem haldinn var í september síðastliðnum í Reykjanesbæ.

Fundir:

Fyrsti umdæmisstjórnarfundur starfsársins var haldinn í Reykjanesbæ sunnudaginn 16. september síðastliðinn. Þar var farið yfir helstu áhersluatriði fyrir starfsárið og aðrar upplýsingar sem gætu orðið svæðisstjórum til góðs á svæðisráðsfundum og í klúbbaheimsóknum.

Haldnir hafa verið sjö framkvæmdaráðsfundir frá upphafi starfsárs, að jafnaði tveir fundir í mánuði. Þar hefur verið tekið á þeim málum sem hafa verið í brennidepli hverju sinni og til þeirra boðaðir þeir embættismenn sem þurfa þótti.

Svæðisráðsfundir:

Svæðisráðsfundir hafa verið haldnir í öllum svæðum og sat umdæmisstjóri fundi hjá Sögu- Freyju - og Óðinssvæði. Á þessum fundum fór ég yfir helstu fréttir í umdæminu ásamt því að gera markmiðum starfsársins góð skil sem eru efling, sýnileiki, jákvæðni og framsækni.

Mig langar að nota tækifærið núna og hrósa svæðisstjórum fyrir góða og vel skipulagða fundi. Voru þeir málefnalegir, mæting félaga var góð og var gaman að fá taka þá í þeim umræðum sem fram fóru og heyra frá því góða og öflugan starfi sem er í klúbbunum.

Heimsóknir og styrkir

Fyrsta embættisverk mitt sem umdæmisstjóri var að skipta um stjórn hjá Jörfa. Ég fór í mína fyrstu klúbbaheimsókn til Heklu í upphafi starfsárs, en Hekla er okkar elsti klúbbur og fagnar 50 ára afmæli sínu eftir eitt ár. Þá fór ég í 40 ára afmælisveislu til Kiwanisklúbbsins Elliða, 25 ára afmælisveislu hjá Ós og Villibráðadag Hraunborgar. Því miður komst ég ekki í 40 ára afmæli Hofs sem var haldið á sama tíma og afmæli Elliða en fráfarandi umdæmisstjóri, Ragnar Örn Pétursson fór þangað sem fulltrúi umdæmisstjórnar.



Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjarta er allt sem þarf - Kiwanishjarta er alt ið er neyðugt

Núna í vikunni fór ég og heimsótti Geysi og eru fyrirhugaðar margar klúbbaheimsóknir fram á vor.

Ég hef fengið mjög góðar móttökur alls staðar og það er greinilegt að það er mjög öflugt og skemmtilegt starf hjá klúbbunum

Á fyrsta degi ársins þáði ég boð Forseta Íslands, Hr. Ólafs Ragnars Grímssonar og mætti í nýársmóttöku á Bessastöðum.

Um miðjan október á Alþjóðlega Geðheilbrigðis deginum afhendi Kiwanishreyfingin viðbótarstyrk frá K- degi, alls kr. 700.000 til BUGL og Miðstöð foreldra og barna. Þangað mætti ég ásamt kjörumdæmisstjóra, formanni K- dagsnefndar og ritstjóra Kiwanisfrétta.

Í lok nóvember bauð Miðstöð foreldra og barna styrktaraðilum að skoða nýja húsnæðið sitt og starfssemina að Síðumúla 6 í Reykjavík.

Ég mætti þangað ásamt fulltrúum frá K- dagsnefnd, umdæmisstjórn og ritstjóra Kiwanisfrétta.

Dröfn Sveinsdóttir kjörumdæmisstjóri fór fyrir hönd umdæmisstjórnar um miðjan október og var við opnum á sérstökum útileikgarði við BUGL sem var byggður fyrir söfnunarfé frá K- degi frá árinu 2007.

Nýr klúbbur vígður

Þann 12. desember síðastliðinn var vígður nýr klúbbur, græðlingsklúbburinn Dyngja varð að fullgildum klúbbi með 15 stofnfélögum. Haldin var mikil vígsluhátíð í Kiwanishúsinu í Hafnarfirði og þangað mættu fulltrúar frá umdæmisstjórn, forsetar klúbba og fleiri góðir gestir.

Þessu ber svo sannarlega að fagna og eiga Sólborgarfélagar miklar þakkir skyldar fyrir hafa tekið klúbbinn að sér og veitt þeim það leiðarljós sem nýjum klúbbi er svo nauðsynlegt.

Kiwanisklúbburinn Dyngja tilheyrir Freyjusvæði og eru klúbbarnir í umdæminu núna 37. Á tæplega 2 árum hafa 3 nýjir klúbbar bæst við í umdæminu, Varða og Eldfell sem vígðir voru árið 2011 og svo Dyngja í lok ársins 2012. Vonandi verður áframhald á þessu og við fáum fljótlega að sjá fleiri klúbba verða til.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjarta er allt sem þarf - Kiwanishjarta er alt ið er neyðugt

Raffréttir, Kiwanisfréttir og Hvíta bókin.

Í nóvember fóru rafrænt Kiwanisfréttablað í loftið, Raffréttir. Heyrist mér á öllu að Kiwanisfélagar hafi verið ánægðir með þessa nýjung enda sagt að rafræn blöð séu framtíðin. Hvíta bókin okkar er nú einnig aðgengileg á heimasíðu umdæmisins.

Gert er ráð fyrir að Raffréttir komi út 4 -6 sinnum á ári og eru viðbót við Kiwanisfréttir sem bærust félögum fyrir jólin. Ritstjóri Kiwanisfrétta ritstýrir rafræna blaðinu líka og á hann miklar þakkir skyldar fyrir gott starf.

Húsnæðismál

Það er afar ánægjulegt að segja frá því að umdæmið hefur loksins fundið, eftir mikla leit, húsnæði fyrir hreyfinguna að Skipholti 50 c í Reykjavík. Búið er að gera bindandi samning við seljanda, en ekki er hægt að undirrita kaupsamning fyrir en eignaskiptasamningur hefur verið gerður.

Húsnæðið er á 3. hæð og er 122 fermetrar að stærð, mjög flott eign á einum besta stað í bænum og er kaupverðið kr. 17.500.000 milljónir.

Er það von okkar að Kiwanisfélagar verði ánægðir með kaupin en við munum hafa opið hús um leið og við fáum húsnæðið afhent.

Framundan er töluvert vinna í að koma okkur fyrir í Skipholtinu en mjög ánægjuleg samt þar sem síðastliðið ár hefur verið mjög erfitt fyrir okkur hvað varðar húsnæðisleysið. Fundir framkvæmdaráðs hafa t.d verið haldnir á hinum ýmsum stöðum í bænum, í Kiwanishúsum, á kaffihúsum og á vinnustöðum. Það er líka von okkar að klúbbar muni nota húsnæðið og verða forsetar klúbba boðaðir á fund fjótlega eftir að afhendingu, því að skiptir umdæmið miklu máli að fá rekstur í húsið.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjarta er allt sem þarf - Kiwanishjarta er alt ið er neyðugt

Fjölgunarráðstefna

Á vordögum er ætlunin að halda að stóra fjölgunarráðstefnu á Hótel Hafnarfirði. Boða á alla sem hafa hafa gefið kost á sér í fjölgunarteymi umdæmisins, sem eru tveir frá hverjum klúbbi. Á ráðstefnuna verða einnig boðaðir kjörsvæðisstjórar og kjörforsetar. Ráðstefnan verður haldin í tengslun við fræðslu kjörforseta og kjörsvæðisstjóra sem haldin er árlega á þessum tíma. Búið er að sækja um styrk til KI-EF svo hægt sé að borga fyrir ferðakostnað og gistingu fyrir þá sem koma langt að. Í ár hefur hvert umdæmi í Evrópu rétt á að sækja um allt að 6.000 € til KI-EF sem nota má til fjölgunar, markaðsetningu eða fræðslu. Lagt er samt til að við notum ekki allan peninginn í sama verkefnið.

Það er von okkar að með nýja fjölgunarplaninu sem kynnt var í upphafi starfsárs mun það þegar til lengri tíma litið skila góðum árangri. Ef klúbbar taka vel í þetta verkefni, þá ættum við að vera með öflugt fjölgunarteymi á landsvísu. Fjölgunarráðstefnan er því góður vettvangur fyrir fjölgunarteymið að koma saman, ræða málin og marka stefnumótun næstu ára varðandi fjölgun og eflingu hreyfingarinnar.

Færeyjasvæði

Á umdæmisþingi í haust prófuðum við að nota túlkunarbúnað fyrir Kiwanis félag okkar frá Færeyjum sem tókst mjög vel, enda kominn tími á það að Færeyingum sé gefinn kostur á að skilja vel það sem fram fer á þinginu. Svæðisstjóri Færeyjar verður með túlk með sér hér í dag. Það er gaman að segja frá því að allar fundargerðir frá upphafi starfsárs hafa verið þýddar jafnóðum á færeysku og sendar svæðisstjóranum í Færeyjum.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjarta er allt sem þarf - Kiwanishjarta er alt ið er neyðugt

Evrópumál

Um miðjan október sótti ég fund Evrópustjórnar í Belgíu, þessa sömu helgi var haldin fjölgunarráðstefna sem ég sótti líka ásamt formanni Kvennanefndar umdæmisins, Hildi Valsdóttur. Gaman er að segja frá því að Ragnar Örn Pétursson fráfarandi umdæmisstjóri og núverandi formaður nýklúbbanefndar Evrópu stjórnaði einum umræðuhópnum og stóð hann sig mjög vel. Að sjálfsögðu var heimsstjórnarmaðurinn Óskar Guðjónsson á þessum fundum. Næsti fundur Evrópustjórnar verður haldinn um miðjan mars í Vínarborg en þar var fyrsti Kiwanisklúburinn í Evrópu stofnaður í mars árið 1962 og verður því 50 ára á þessum tíma. Haldin verður mikil hátíð og þangað mun Evrópustjórn fara. Búið er að auglýsa afmælið mikið og hafa Kiwanisfélagar á Íslandi og í Færeyjum meðal annars fengið boð.

Framboð til Evrópuforseta

Eitt framboðs til Evrópuforseta er komið fram, en Kiwanisumdæmið í Austuríki hefur tilnefnt Ernest Schmid. Hann var umdæmisstjóri Austuríkis árið 2009-2010. Hugsanlega koma fram fleiri framboð en framboðsfrestur rennur út í byrjun mars. Kosning fer fram á Evrópuþinginu í Berlín þann 1. júní og mun sá sem nær kjöri verða Evrópuforseti 2015-2016.

Nefndarstörf

Strax í upphafi starfsárs fóru nefndir umdæmisins af stað með sína vinnu og hef ég verið í góðu samband við nefndarformenn . Það er mjög mikilvægt að nefndirnar séu virkar og í góðu sambandi við umdæmisstjórn og klúbbana í umdæminu.

Hér á eftir fáum við að heyra skýrslur frá nefndarformönnum um þeirra störf.

Öllum embættismönnum færi ég þakkir fyrir ykkar mikilvægu störf og óska ykkur góðs gengis í framtíðinni , þið hafið það sem þarfKiwanishjartað

Hjördís Harðardóttir
Umdæmisstjóri

